



Laufráðið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

32. árg. 2023 2. tbl.

Tré ársins 2023



Nánari umfjöllun á bls. 3 (Mynd: BJ).

Áfall fyrir tré og menn



Gróðurvinir vissu ekki hvaðan á sig stóð veðrið snemma í sumar þegar nýútsprungin lauf á trjám og runnum urðu allt í einu brún og ljót. Hvarvetna mátti sjá ófögnuðinn, dauð lauf sem héngu enn á greinum.

Sumar tegundir urðu verr úti en aðrar, aspir og víðitegundir voru víða lauflausar fram eftir sumri og það sama má segja um margar tegundir af rósaætt svo sem ýmsa reyniviði (*Sorbus*), mispla og heggi sem máttu muna sinn fífil fegurri.

Trjáeigendur eru margir hverjir viðkvæm blóm og taka áföll sem þessi mjög nærri sér, jafnvel meira en trén sjálf. Eftir óveðrið þurftu ófáir garðyrkju- og skógræktarmenn að róa áhyggjufulla trjáeigendur sem sumir hverjir vildu fella trén sem fyrst. Var þeim ráðlegt að anda með nefinu og bíða og sjá hvort trén tækju ekki við sér er liði á sumarið. Og viti menn! Eitt af öðru tóku trén að lafgast á ný eftir því sem vikurnar liðu. Trén voru ef til vill ekki besta útgáfan af sjálfum sér en flest björguðu þau sér með því að skjóta út nýjum laufum og tryggja þar með ljóstillífun og viðhalda næringar-efnabúskapnum.

Trausti Jónsson veðurfræðingur benti á líkindi með veðrinu í lok maí og laufskemmdaveðrinu svo kallaða vorið 1956 þannig að þetta er ekkert einsdæmi. Við sem lifum og hrærumst í ræktun höfum mörg hver á tilfinningunni að á undanförunum árum hafi veður á Íslandi orðið æ óútreiknanlegra. Alltaf tekst veðurguð-

unum að koma manni á óvart hvort heldur er með salt-skaðaveðri í maílok, löngum þurrkaköflum yfir sumarið eða kaldasta vetri í meira en öld. Freistandi er að tengja slíkar sveiflur við loftslagsbreytingar og hamfarahlýnun en ég eftirlæt veðurfróðari mönnum að úttala sig um það. Hvað sem veldur er ljóst að óútreiknanlegt veðurfar kallar á nýjar áskoranir fyrir fólk sem stendur í ræktun utandyra, hvort heldur um er að ræða kornrækt, trjárækt eða eitthvað annað.

Ekki má heldur gleyma því að oft má draga lærdóm af áföllum sem þessum. Eftir aprílhretið 1963 þar sem aspir og grenitré drápust unnvörpum áfréðu menn að ekki skyldi gráta Björn bónda heldur halda til Alaska og afla nýs efniviðar. Megnið af þeim aspar-kvæmum sem helst eru notaðar í skógrækt hér á landi komu úr þeim söfnunarferðum. Þannig varð áfallið til að efla tilraunir í skógrækt.

Pó að betur hafi farið en á horfðist í þetta sinn er þetta ágæt áminning um að þær stofnanir sem sinna rannóknum og tilraunum í ræktun þurfa að vera í stakk búna til að takast á við þær áskoranir sem óútreiknanlegt veðurfar hefur í för með sér. Þær þurfa að hafa mannafla, fjárráð og sveigjanleika til að bregðast við óvæntum áföllum t.d. vegna veðurskaða. Jafnframt þurfa vísindamenn að vera óhræddir við að prófa nýjar tegundir og gera tilraunir á nýjum kvæmum og yrkjum sem kunna að henta hér á landi.

Einar Örn Jónsson

Laufblaðið

Fréttablað, 32. árgangur, 2. tölublað 2023.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:

Einar Örn Jónsson
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2023:

Jónatan Garðarsson formaður
Þuríður Yngvadóttir varaformaður
Jens B. Baldursson gjaldkeri
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari

Meðstjórnendur:

Berglind Ásgeirsdóttir
Páll Ingþór Kristinsson
Nanna Sjöfn Pétursdóttir

Varamenn:

Kristinn H. Þorsteinsson
Valgerður Auðunsdóttir
Björn Traustason

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags
Íslands



Ljósmyndarar í blaðinu: Anna Margrét (AM), Auður Kjartansdóttir (AK), Brynjólfur Jónsson (BJ), Einar Jónsson (EJ), Elisabeth Bernard (EB), Fanney Birgisdóttir (FB), Jens B. Baldursson (JBB), Ragnhildur Freysteinsdóttir (RF).



F.v. Hafberg Þórisson, bakhjarl Trés ársins, Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlaþings með viðurkenningaskjalið og Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur. (Mynd: BJ).

Tré ársins 2023 stóð af sér skriðuföll

Tré ársins 2023 var formlega útnefnt við hátíðlega athöfn sunnudaginn 10. september. Að þessu sinni var um að ræða sitkagreni (*Picea sitchensis*) á Seyðisfirði, ofan við Hafnargötu 32.

Hófst athöfnin á ávarpi Jónatans Garðarssonar, formanns Skógræktarfélags Íslands, en auk hans fluttu ávörp Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlaþings, sem tók einnig við viðurkenningarskjali fyrir hönd eigenda trésins, og Hafberg Þórisson, eigandi Lambhaga ehf., sem er bakhjarl Trés ársins verkefnisins. Venja er að mæla tré ársins þegar þau eru útnefnd og var það gert. Reyndist tréð vera 10,9 m á hæð, með ummál upp á 90,5 cm í brjóstthæð. Athöfninni lauk svo með veitingum og tónlist í Tæknimínjasafninu.

Hjónin Haraldur Aðalsteinsson og Sigurbjörg Björnsdóttir gróðursettu tréð árið 1975, en þau bjuggu

í húsinu Sandfelli, sem nú er horfið. Það var Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur sem stakk upp á því að þetta tré yrði útnefnt. Þótti það viðeigandi af því að þetta tré stóð af sér stóru skriðuna árið 2020, er tók með sér hús í kring og töluvert af yngri trjám á svæðinu og stendur því nú stakt. Hefur tréð því töluvert tilfinningalegt gildi fyrir íbúa Seyðisfjarðar og er ákveðinn minnisvarði um þann viðburð.

Þess má til gamans geta að Seyðfirðingar geta státað af öðru Tré ársins, en Tré ársins 2004 var evrópulerki (*Larix decidua*) við Hafnargötu 48.

Skógræktarfélag Íslands útnefnir árlega Tré ársins. Er útnefningunni ætlað að beina sjónum almennings að því gróskumikla starfi sem unnið er um land allt í trjá- og skógrækt og benda á menningarlegt gildi einstakra trjáa um allt land.

Drumbagerði á Úlfljótsvatni

Það er ánægjulegt þegar hægt er að nýta við sem til fellur við grisjun skógarreita. Við Úlfljótsvatnsbæinn hafa bolir úr grisjun í Brynjudal verið notaðir til að útbúa eins konar drumbagerði sem afmarkar trjá- og runnabeð. Starfsnemar sem voru hjá félaginu í vetur byrjuðu á verkinu og sjálfbodaliðar sumarsins eru nú langt komnir með að ljúka því. Uppi eru hugmyndir um að nýta grisjunarvið til að smíða grindverk utan um bæinn sem yrði þá „skógarlegra“ en víragirðingin sem nú stendur og viðeigandi aðkoma fyrir hlýlega skógarkotið við vatnið.





Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, heilsaði upp á sjálfboðaliða Skógræktarfélags Íslands á aðalfundi félagsins á Patreksfirði helgina 1.-3. september (Mynd: EB).

Sjálfboðaliðar og starfsnemar

Í mars og apríl unnu tveir starfsnemar frá Spáni hjá Skógræktarfélagi Íslands. Abel og Julian stunda nám í skógtækni við skóla í bænum Onil nálægt Alicante og komu hingað fyrir tilstilli Erasmus+ áætlunarinnar. Þess má geta að einn af kennurum þeirra dvaldi á Úlfjótssvatni í nokkra daga sumarið 2022 og kynnti sér þá starfsemi Skógræktarfélagsins og aðstöðu. Í kjölfarið spratt sú hugmynd að skólinn myndi senda félaginu starfsnema til reynslu.

Starfsnemarnir tókust á hendur margvísleg verkefni meðan á dvöl þeirra á Íslandi stóð. Fyrst um sinn fengust þeir einkum við grisjun í jólatrjáaskóginum í Brynjudal. Sérstök áhersla var lögð á að grisja reiti í grennd við samkomustaði með það að markmiði að bæta þar skilyrði fyrir ung jólatré. Einnig unnu þeir við að lagfæra frostlyftingar á Geitasandi, búa til kurl, klippa og setja niður stiklinga af öspum, víði, rífsi og sýrenum ásamt því að útbúa runnabeð úr grisjunarviði á Úlfjótssvatni. Báðir ílengdust þeir hér á landi þar sem þeir fengu sumarstarf í gróðrarstöðvum á Suðurlandi. Við hjá Skógræktarfélagi Íslands erum hæstánægð með samstarfið og frammistöðu starfsmanna sem reyndust fróðleiksfúsir, áhugasamir og harðduglegir.

Í maí komu svo sjálfboðaliðar á vegum European Solidarity Corps til starfa hjá félaginu líkt og undanfarin ár. Auk þess að sinna gróðursetningum og girðingavinnu á Úlfjótssvatni hafa sjálfboðaliðarnir ferðast um landið og unnið fyrir aðildarfélög Skógræktarfélags Íslands á Tálknafirði, í Stykkishólmi, í Ólafsvík og Hellissandi, á Akranesi og á Reyðarfirði. Alls staðar hafa þeir unnið að mikilvægum verkefnum í skógunum sem ella hefði reynst erfitt að ráðast í.

Einar Örn Jónsson



Spænsku skógtækninernarnir Abel og Julian munda keðjusagirnar í Brynjudal þar sem þeir grisjuðu gamla og þetta reiti til að bæta skilyrði til jólatrjáaræktunar (Mynd: EJ).



Hópur alþjóðlegra sjálfboðaliða frá Skógræktarfélagi Íslands gerði viðreisit í sumar. Hér er hópurinn að störfum á Akranesi (Mynd: JBB).

Samstarf skáta og skógræktarfólks

Það hefur alltaf verið gott samstarf milli skógræktarmanna og skáta á Úlfjótssvatni. Skógræktarfélag Íslands, Útilífsmiðstöð skáta við Úlfjótssvatn og Skógræktarfélag skáta við Úlfjótssvatn leiddu saman hesta sína í sumar og tóku á móti hópi ungra Rover-skáta frá Frakklandi úr hreyfingunni Scouts et Guides de France. Þeir unnu í gamla skóginum sem Skógræktarfélag skáta gróðursetti á tíunda áratugnum og skiluðu þar drjúgu dagsverki.

Á rúmum tveimur vikum náðu þau að grisja og snyrta tvo trjáreiði í því skyni að bæta skilyrði þeirra trjáa sem eftir standa, leggja nýjan 400 m langan stíg um skóginn sem tengir saman Skátasafnið og aðkomuna í norðri, byggja brú úr bolum sem féllu til við grisjunina og síðast en ekki síst að gróðursetja 100 tré af 18 mismunandi tegundum og búa þar með til trjásafn og bæta líffjölbreytileika í skóginum. Sem þakklætisvott fyrir alla vinnuna og áhugann hefur stígurinn fengið nafnið Franski skátastígur.

Það er gæfa skógræktarfélaganna að hafa fengið þau til samstarfs við sig og að eiga skátana á Úlfjótssvatni að vinum en þeir hafa alltaf sýnt mikinn áhuga á skógum, útivist í náttúrunni og að bæta umhverfið. Það má læra ýmislegt af þeim ekki síst þegar kemur að því að vinna saman og vita „hvernig eigi að kveikja eld með allra handa viði“ (eins og við orðum það í Frakklandi) þegar nýtt verkefni kemur upp í hendurnar og að líta á vinnu úti í náttúrunni sem skemmtilega og hvetjandi iðju.

Vinna með ungmennum hefur alltaf gegnt mikilvægu hlutverki í starfi skátahreyfingarinnar sem og skógræktarhreyfingarinnar. Rover-skátarnir okkar fimm hafa skilið eftir sig spor á Úlfjótssvatni og starf þeirra verður til þess að næstu kynslóðir skólabarna,

skáta og sjálfboðaliða sem dvelja á Úlfjótssvatni munu læra hversu mikilvægt það er að bera virðingu fyrir umhverfinu og hugsa um það. Jafnframt mun það veita þeim innblástur til að gera það sem þeir geta fyrir sitt eigið samfélag þegar þeir snúa aftur heim.

*Elisabeth Bernard
Skógræktarfélagi Íslands*



Meðal verkefna skátanna var að byggja brú úr trjábolum sem féllu til við grisjun í skóginum. Hringrásarhagkerfið í sinni tærustu mynd (Mynd: EB).



Frönsku Rover-skátarnir kynntu sér skógrækt og aðra starfsemi Skógræktarfélags Íslands á Úlfjótssvatni. Hér eru þeir í tæplega tíu ára gömlum stafa-furureit (Mynd: EB).



Skátarnir útbjuggu myndarlegt eldstæði í einu rjóðrinu og notuðu til þess efnivið úr nágrenninu. Hringurinn var lagður náttúrugrjóti til að koma í veg fyrir að eldur bærist í gróðurinn (Mynd: EB).



Fimm félagar úr hópi gestgjafanna voru heiðraðir á aðalfundinum. Frá vinstri Jónatan Garðarsson, formaður SÍ, Finnbjörn Bjarnason og Nanna Sjöfn Pétursdóttir, Skógræktarfélagi Bildudals, Brynjólfur Gíslason, Skógræktarfélagi Tálknafjarðar, Helga Gísladóttir og Eiður B. Thoroddsen, Skógræktarfélagi Patreksfjarðar (Mynd: EJ).

Aðalfundur á Patreksfirði

Það gastaði heldur betur um gesti aðalfundar Skógræktarfélags Íslands sem fram fór á Patreksfirði helgina 1.-3. september. Fyrsta haustlægd ársins lék landsmenn grátt með úrhellisrigningu og roki þar sem trampólín tókust á loft og fánaborgir fuku um koll. Skógræktarmenn létu það ekki slá sig út af laginu enda vita þeir sem er að það er alltaf skjól í skóginum. Um 150 gestir hvaðanæva að komu saman og gerðu sér glaðan dag milli þess sem þeir sinntu hefðbundnum fundarstörfum og hlustuðu á fróðleg fræðsluerindi. Þá var skrifað undir nýjan landgræðsluskógasamning við Vesturbyggð.

Gestgjafar voru skógræktarfélögin á sunnanverðum Vestfjörðum, Skógræktarfélag Bildudals, Skógræktarfélag Patreksfjarðar og Skógræktarfélag Tálknafjarðar. Undirbúningur og skipulag var þeim öllum til sóma, vandað til verka á hverju sviði og gestrisnin alltumlykjandi. Á föstudag var farið í skoðunarferð um gróskumikil skógræktarsvæði Tálknafjarðar, gengið um Brynjólfsstíginn sem liggur milli þorpsins og skólans og tekið hús á Lilju Magnúsdóttur, skógarbónda að Kvígindisfelli. Lilja leiddi hópinn um skóginn og efndi svo til heljarinnar veislu í gömlum fjárhúsum þar sem boðið var upp á mat og drykk.

Í fræðsluerindum var rík áhersla á gróðurfar á svæðinu í fortíð, nútíð og framtíð og erindunum

svo fylgt eftir með heimsóknnum á valinkunna staði í nágrenninu, Skápadal, Sauðlauksdal og Minjasafnið á Hnjóti. Á fundinum var jafnframt ný bók eftir Óskar Guðmundsson rithöfund kynnt en hún fjallar um skiptiferðir norskra og íslenskra skógræktarmanna á árum áður. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, fékk fyrsta eintakið en hann ávarpaði jafnframt fundinn og sat hátíðarkvöldverð á laugardag. Á hátíðarkvöldverðinum var skógræktarfolk úr nágrenninu jafnframt heiðrað fyrir störf sín í þágu skógræktar og þá var Magnús Gunnarsson, fyrrverandi formaður Skógræktarfélags Íslands, gerður að heiðursfélaga þess og var Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, sem nældi heiðurmerkinu í barm Magnúsar.

Dagskrá sunnudagsins var venju samkvæmt helguð afgreiðslu ályktana og stjórnarkjöri en ekki urðu neinar breytingar á stjórn félagsins á þessum fundi. Jónatan Garðarsson var endurkjörinn formaður til þriggja ára og lýsti því yfir að þetta yrði síðasta tímabil hans í formannsstöli.

Nánari umfjöllun um aðalfund Skógræktarfélags Íslands verður svo birt í 2. tölublaði Skógræktarritsins 2023 en einnig má nálgast ályktanir fundarins og fleira efni á vef félagsins skog.is.

Einar Örn Jónsson



Guðni Th. Jóhannesson nældi heiðursmerki Skógræktarfélags Íslands í barm Magnúsar Gunnarssonar (Mynd: EJ).



Fulltrúar Skógræktarfélags Rangæinga og Skógræktarfélags Suður-Þingeyinga fengu plöntur í tilefni af stórafmælum félaganna (Mynd: EJ).



Sæmundur Þorvaldsson og Brynjólfur Gíslason, virða fyrir sér skógræktarsvæði á Tálknafirði þar sem Brynjólfur réð lengi ríkjum (Mynd: EJ).



Þröstur Reynisson frá Patreksfirði eys úr visku-brunnum sínum á Minjasafninu á Hnjóti (Mynd: EJ).



Skoðunarferðir eru mikilvægur hluti aðalfunda Skógræktarfélags Íslands. Hér fræðir Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri gesti um lerki í skoðunarferð um skógræktarsvæðið í Skápadal (Mynd: EJ).

Líf í lundi

Blásið var til fjölda viðburða í tilefni af Lífi í lundi dagana 24.-27. júní en það er útivistar- og fjölskyldudagur í skógum landsins þar sem almenningur er hvattur til þess að njóta hreyfingar, útiveru og samveru í skógunum. Dagskrá var afar fjölbreytt, allt frá skordýraskoðun, axakasti og útieldunar til skógarblóts að heiðinna manna sið. Hvað sem menn fengust við er ljóst að hundruð manns á öllum aldri áttu góðan og gleðilegan dag í skóginum.



Skógræktarfélag Reykjavíkur og Ásatrúarfélagið blésu til skógarblóts í Öskjuhlíð. Þá voru nokkrar plöntur gróðursettar í hátíðarlund Ásatrúarfélagsins (Mynd: AK).

Yrkjuplöntur afhentar

Lengi býr að fyrstu gerð og því er ómetanlegt að gefa börnum og ungmennum færi á að gróðursetja trjáplöntur og læra um mikilvægi trjáræktar fyrir umhverfi og samfélag. Grunnskólabörn um land allt eru nú í óða önn við að gróðursetja Yrkjuplöntur. Haustgróðursetningar hafa sótt í sig veðrið á undanförunum árum og nú er svo komið að um 7.000 plöntur eru gróðursettar á haustin eða ríflega helmingur allra Yrkjuplantna. Þessi skemmtilega mynd var tekin þegar fulltrúar Skógræktarfélags Íslands komu færandi hendi í Grunnskóla Reyðarfjarðar á dögnum með birkiplöntur í bökkum.



Skógræktarfélag Akranes tók höndum saman með skátafélaginu og Norræna félaginu og efndu til dagskrár í tilefni af Lífi í lundi (Mynd: AM).



Mikill fjöldi fólks lagði leið sína í Höfðaskóg í Hafnarfirði þar sem var meðal annars boðið upp á hoppukastala og skemmtiatriði. (Mynd: RF).



Fræsafnari vitjar köngla

Góður gestur kom í heimsókn á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands dag einn í júlí þegar Jay nokkur Braun frá Bandaríkjunum steig inn fyrir þröskuldinn. Á daginn kom að hann hafði verið íslenskum fræsöfnurum í Alaska innan handar árið 1953 þegar hann var aðeins unglingspiltur. Fræsafnararnir íslensku voru þeir Brynjar Skarphéðinsson, Indriði Indriðason og Vilhjálmur Sigtryggsson en þeim hjálpaði hann að finna könglaforðabúr íkorna („squirrel nests“). Kom hann nú til að forvitnast um afdrif könglanna sem hann hjálpaði til við að safna og áttum við gott spjall við hann. Þótti honum vænt um að heyra að hér landi döfnuðu stafafurur, sitkagreni og fleira upprunnið frá Alaska!



Jay Braun frá Alaska ræðir við Brynjólf Jónsson, framkvæmdastjóra SÍ og hundinn Kol (Mynd: RF).

Heimildarmynd um skógrækt á Íslandi

Hópur manna frá bandarísku samtökunum Stream Link Education kom í heimsókn á Úlfjótstvatn í júní. Samtökin standa að gróðursetningum meðfram ám og vatnasvæðum í Frederick County í Maryland í Bandaríkjunum og líkt og íslensku skógræktarfélagin reiða þau sig fyrst og fremst á framlag sjálfboðaliða. Jafnframt hafa forsvarsmenn þeirra verið duglegir við að kynna sér skóg- og trjárækt í öðrum löndum, þ.á.m. á Íslandi. Þeir dvöldu hér í nokkra daga, ferðuðust um og tóku upp myndefni og viðtöl við ýmsa úr skógræktargeiranum. Afraksturinn verður svo notaður í gerð heimildarmyndar um skógrækt á Íslandi.

Á Úlfjótstvatni hittu þau fyrir starfsmenn félagsins sem sýndu þeim svæði sem gróðursett hefur verið í á undanförunum árum og hvernig rof-



Elisabeth Bernard segir frá náttúrufari og skógrækt á Úlfjótstvatni og næsta nágrenni (Mynd: EJ).

svæðum og rýru mólendi er smám saman breytt í skóg. Jafnframt ræddu þau við starfsmenn félagsins um skógrækt á Íslandi í sögulegu samhengi og mikilvægi sjálfboðastarfs við endurheimt landgæða.

Fangar smíða bekki

Ný borð með áföstum bekkjum eru nú komin upp á nokkrum stöðum í Heiðmörk. Húsgögnin eru gerð úr sitkagreni úr Heiðmörk. Fangaverk, nánar tiltekið fangar sem vinna á trésmíðaverkstæðinu á Litla-Hrauni, smíðuðu borðin og bekkina fyrir Skógræktarfélag Reykjavíkur.

Nokkrum bekkjum hefur verið komið fyrir á völdum stöðum í Heiðmörk, svo að gestir friðlandsins geti fengið sér sæti og notið náttúrunnar. Bekkir með borðum eru einnig til sölu í verslun félagsins í Smiðjunni nærri Elliðavatnsbænum.





Starfsmenn Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum gróðursetja innan girðingar Skógræktarfélagsins Bjarkar í Barmahlíð en þar hefur verið stunduð skógrækt frá árinu 1951 (Mynd: FB).

Gróðursetningar í samstarfi við Þörungaverksmiðjuna

Hjá Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum er notuð heimaefengin leið til að binda koltvísýring sem ætla má að komi frá árlegri starfsemi hennar. Í ár greiddi Þörungaverksmiðjan fyrir gróðursetningu á um 3.200 trjám. Starfsmenn verksmiðjunnar (20 manns) fara í smærri hópum með tilbúið skipulag og leiðtoga til að gróðursetja í girðingu Skógræktarfélagsins Bjarkar. Fjöldinn er reiknaður í samræmi við fæanlegar plöntur og reiknivélar Kolviðar, hins eiginlega kolefnissjóðs Íslands. Landið sem notað er til gróðursetningar tilheyrir sveitarfélaginu en var leigt af Skógræktarfélaginu Björk til 100 ára, 1951-2051. Íbúar Reykhólahrepps hafa gróðursett þar frá 1951. Einhver hæstu tré Vestfjarða eru í Barmahlíðarskógi og nú heldur Þörungaverksmiðjan uppi merkjum til að hylja land og binda jarðveginn. Í girðingunni falla snjóflóð og því þarf stundum að endurnýja gróðursetningar.

Fyrri gengið hjá okkur voru 7 manns, og þeim tókst að planta 1065 trjám á góðri morgunstund, daginn eftir voru gróðursett 1194 tré af birki, elri, blágreni, lerki og stafafuru. Fyrirtækið gengur þannig frá málum að Skógræktarfélagið pantar tré og fær greitt fyrir skipulag og ut anumhald. Starfsmenn fá frí frá vinnu í 3 klst. til að planta og fær starfsmannafélagið greitt í sinn sjóð fyrir þátttökuna. Svolitlu heldur Skógræktarfélagið eftir til að standa straum af girðingum, stígagerð, bekkjum og brúm í skógræktinni. Starfsmenn gera að þessu góðan róm og eru allir kátir eftir tilbreytinguna við að gróðursetja.

Með þessum hætti fá allir eitthvað fyrir sinn snúð og starfsmennirnir kynnast um leið gróðursetningum. Skólafólkið notar gjarnan skóglendið til útíkennslu.

Um Orkunotkun Þörungaverksmiðjunnar

Pang og þari er þurrkaður við jarðvarma á Reykhólum og jafngildir hann um 1/3 af orkunotkuninni. Þá kemur um 1/3 orkunotkunar úr díseleldsneyti fyrir dráttarvélar, tæki, uppskeruvélar og flutningaskip. Þessa losun er reynt að jafna með nýjum trjágróðri. Raforka er síðan 1/3 orkunnar og nýtist fyrir færibönd, víftur, ljós, lyftara o.fl. Rafmagnið kemur mest frá vatnsaflsvirkjunum Orkubús Vestfjarða, en þar sem einhverri orku er dreift hingað frá Landsvirkjun þarf að reikna með kolefnisútblastri vegna selds úblásturskvóta. Fram á síðustu ár hefur verið eðlilegt að taka fram að engin losun fylgi jarðvarma og rafmagnsnotkun hér fremur en annars staðar á Íslandi. En nú þarf að endurreikna útblástur í samræmi við hve mikið hver Íslendingur tekur á sig frá erlendum aðilum vegna sölu grænna skírteina.

Erlendir samstarfsaðilar reka upp stór augu þegar greint er frá þessu framtaki, en með vísun í stefnu Íslands við land- og skógrækt er hægur leikur að standa keikur og vera stoltur af þessari aðferð við að spyrna við vaxandi koltvísýringi í andrúmslofti.

María Maack
Skógræktarfélaginu Björk á Reykhólum

Frændur fagna skógi


Út er komin bókin Frændur fagna skógi eftir Óskar Guðmundsson rithöfund.

Frændur fagna skógi segir sögu samskipta Norðmanna og Íslendinga með áherslu á skiptiferðir skógræktarfólks frá 1949-2000. Allt að tvö þúsund einstaklingar af hvorri þjóð lagði í ferðir í þessu skyni í rúmlega hálfa öld – og á því tímabili plöntuðu Norðmenn allt að einni milljón trjáa í íslenskan svörð. Menningarferðir þessar urðu til að hnýta enn betur bönd frændþjóðanna og bæta náttúru landanna. Jafnframt er skyggst yfir söguna allt frá landnámi til nútíma og áhugaverð atriði dregin fram í dagsljósið. – Bókin er sérstæð vegna þess að hún er bæði á norsku og íslensku og markar einnig þannig tímamót. Norska þýðingu gerði Per Landrø.

Bókin er unnin og gefin út í samstarfi Skógræktarfélags Íslands og Skógræktarfélags Noregs (Det Norske Skogselskap).

Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands, var afhent fyrsta eintak bókarinnar við hátíðlega athöfn á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands sem fram fór á Patreksfirði helgina 1.-3. september. Jafnframt fékk Tønnes Svanes, staðgengill norska sendiherrans á Íslandi, eintak af bókinni við sama tækifæri.

Bókin verður fánleg á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands en einnig er hægt að panta hana á vef félagsins - <https://www.skog.is/fraendur-fagna-skogi/>



Óskar Guðmundsson, höfundur bókarinnar, ásamt Tønnes Svanes, sendifulltrúi Norska sendiráðsins, Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands og Jónatan Garðarssyni, formanni Skógræktarfélags Íslands en þeir fengu fyrstu eintökin af bókinni á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Patreksfirði (Mynd: E.J).



Starfsmenn Þjóðleikhússins fjölmenntu í Heiðmörk í sumar og stungu trjáplöntum í jörð (Mynd: AK).

Um 200.000 trjáplöntur í jörð

Um 200.000 trjáplöntur verða gróðursettar á vegum Skógræktarfélags Reykjavíkur í ár, í Heiðmörk, Esjuhlíðum, Úlfarsfelli og að Múlastöðum. Ýmsir hópar og velunnarar félagsins hafa hjálpað til við gróðursetningarnar. Meðal annars starfs-

menn PWC og fjölskyldur þeirra, starfsmenn Þjóðleikhússins og fótboltastelpur úr Fylki. Þá er að mörgu að huga í viðhaldi og uppbyggingu útivistarsvæðanna í Heiðmörk. Borið hefur verið ofan í stíga, ýmiskonar viðhaldi og tiltekt sinnt, og þök máluð á áningarhúsi og klósetthúsi við Helluvatn. Þá var unnið að því að bæta undirlagið undir nýju gönguskíðabrautinni, sem liggur frá Elliðavatnsbænum að Hjallahringnum.

Landakaup í Borgarfirði

Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur fest kaup á 610 hektara jörð í Borgarfirði, þar sem til stendur að rækta upp útivistarskóg. Jörðin heitir Lundur 3 og nær frá Grímsá í Lundarreykjadal, yfir Lundarháls, og niður að Flókadalsá í Flókadal. Jörðin er hentug til skógræktar. Lundarreykjadalarmegin er hlið sem vísar mót suðri. Þá er jörðin að hluta girt með rafmagnsgirðingu. Engin hús eru á jörðinni.

Skammt frá landamerkjum Lundar 3 við Flókadalsá er jörðin Múlastaðir sem félagið keypti árið 2014. Trjáplöntur hafa verið gróðursettar á 153 hekturum að Múlastöðum. Þar er íbúðarhús og útihús sem hefur verið breytt í skemmu og aðstöðu fyrir starfsmenn. Góð aðstaða er því að Múlastöðum fyrir skógrækt og skylda starfsemi, sem nýtist enn betur nú.

Skógræktarfélag Reykjavíkur



Starfsmenn PWC og fjölskyldur þeirra gróðursettu í Heiðmörk (Mynd: AK).